

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir hluta af Bjargslandi í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 27. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

27. júlí 1999

Nr. 536

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Austurhraun 3 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag lóðarinnar felst í því, að byggingarreit hefur verið breytt og innkeyrslum hefur verið fjölgað. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 27. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

29. júlí 1999

Nr. 537

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 36.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 22. júní 1999 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar nr. 36 við Borgartún, en þar verður reist 6 hæða íbúðarhús (6. hæð inndregin) með 18 íbúðum og neðanjarðar bílageymslu.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sigtún 38.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. júní 1999 samþykkt stækkun hótélbyggingar að Sigtúni 38.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.